

Skilmálar – Gullkistan Vestfirðir 2025

Greiðsluskilmálar

Reikningur er gefinn út með gjalddaga 1. júlí 2025 og eindaga 1. ágúst 2025.
Þátttaka telst staðfest við greiðslu.

Afskráning

Hægt er að afskrá sig til og með 31. júlí 2025. Engin endurgreiðsla er í boði frá og með 1. ágúst.

Ábyrgð sýnenda

Sýnandi ber sjálfur ábyrgð á öllum búnaði og markaðsefni á sínum bás.
Allt efni skal vera innan úthlutaðs pláss og má ekki hindra gangvegi eða neyðarútganga.

Rafmagn

Rafmagn er einungis ætlað léttum kynningarbúnaði, s.s. tölvum, skjám og ljósum.
Ekki verður í boði 3 fasa tengingar eða tengingar fyrir aflmikinn búnað.

Eldvarnir

Notkun á opnum eldi er stranglega bönnuð á sýningarsvæðinu.

Sala og kynningar

Leyfilegt er að selja vörur á básum. Þeir sem bjóða upp á mat eru hvattir til að bjóða gestum kynningarsmakk.
Ekki er aðgengi að eldhúsi eða vaski fyrir sýnendur.

Viðvera á básum

Ekki er gerð krafa um að sýnandi sé sjálfur viðstaddur, en gert er ráð fyrir að einhver annist básinn og svara fyrirspurnum gesta meðan á sýningu stendur.

Hljóðnotkun

Ef hljóðbúnaður er notaður skal hljóðstyrkur stilltur í hóf og ekki trufla aðra sýnendur.

Myndatökur og miðlun efnis

Skipuleggjendur áskilja sér rétt til að taka ljósmyndir og myndefni á sýningunni, og nota í kynningarefni og miðlun til fjölmiðla.

Sameiginlegir básar

Heimilt er að deila stærri básum með fleiri fyrirtækjum samkvæmt eftirfarandi reglum:

- 4 m²: allt að 3 fyrirtæki
- 6 m²: allt að 4 fyrirtæki
- 8 m²: allt að 5 fyrirtæki
- 10 m²: allt að 6 fyrirtæki

2 m² básar eru einungis ætlaðir einu fyrirtæki.

Eitt fyrirtæki skráir sig og ber ábyrgð á greiðslu og samskiptum við skipuleggjendur. Önnur fyrirtæki skulu skráð í athugasemdareit eyðublaðsins.

Aðeins eitt heiti birtist á skyggni bássins og byggir það á Nafni á bás í skráningareyðublaðinu.

Uppsetning og frágangur

Sýnendur fá aðgang að salnum frá kl. 8:00 að morgni sýningardags.

Bíla þarf að fjarlægja frá inngangi eftir að búnaður hefur verið fluttur inn á sýningasvæði.

Frágangi bása skal lokið strax eftir að sýningu lýkur kl. 17:00.

Ekki er heimilt að geyma búnað í húsinu yfir nótt.

Veggfestingar og prentefni

Þil eru 95 cm breið og 237 cm há. Prentefni má hengja með krókafestingum eða sérstöku lími sem verður í boði á staðnum.